

Tillaga til þingsályktunar

um heildarendurskoðun rekstrarumhverfis fjölmiðla.

Flm.: Sigmar Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Hanna Katrín Friðriksson, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Gísli Rafn Ólafsson, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Viðar Eggertsson, Helga Vala Helgadóttir, Andrés Ingi Jónsson, Björn Leví Gunnarsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson, Inga Sæland, Jakob Frímann Magnússon, Eyjólfur Ármannsson, Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela menningar- og viðskiptaráðherra að skipa starfshóp um heildræna endurskoðun á fjölmiðlamarkaði á Íslandi með það að markmiði að jafna samkeppnisstöðu þeirra fjölmiðla sem starfa á íslenskum markaði, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir, í einkaeigu eða í eigu ríkisins. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum fjölmiðlanefndar, Blaðamannafélags Íslands, hagfræðideildar Háskóla Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytis og menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Starfshópurinn líti sérstaklega til eftirfarandi þátta:

- Rekstrarumhverfis einkarekinna miðla á Íslandi í samanburði við önnur norræn ríki. Starfshópurinn taki afstöðu til þess hvort sérstakt styrkjakerfi sé best til þess fallið að bæta stöðu fjölmiðlamarkaðarins eða hvort breytingar á sköttum og gjöldum séu hagkvæmari lausn, eða einhvers konar samspil þessara tveggja þátta. Þar skuli hann meta hvað sé hagkvæmast fyrir hið opinbera og líta til reynslu annarra norrænna ríkja af slíkum kerfum. Eins leggi starfshópurinn mat á það hvort þörf sé á stuðningi við alla miðla eða hvort hagkvæmara sé að stuðningur afmarkist við smáa, nýja eða svæðisbundna miðla.
- Hagrænna áhrifa þess að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, annars vegar fyrir rekstur einkarekinna miðla og hins vegar fyrir samfélagið í heild. Starfshópurinn meti einnig áhrif slíkra breytinga á tekjur Ríkisútvarpsins.
- Þess hvernig best sé að haga skattlagningu erlendra efnisveitna og samfélagsmiðla til samræmis við þau skattalög sem gilda um innlenda miðla, með það að leiðarljósi að jafna samkeppnisstöðu þeirra.

Starfshópurinn skili tillögum til ráðherra fyrir árslok 2023. Ráðherra innleiði tillögurnar strax og leggi skýrslu fyrir Alþingi um stöðu innleiðingarinnar á 154. löggjafarþingi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 152. löggjafarþingi (476. mál) en náði ekki fram að ganga.

Fjölmiðlar starfa á einum samhangandi markaði. Sérstakur stuðningur við einkarekna fjölmiðla, skattlagning erlendra miðla og staða Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði hefur áhrif á samkeppnisumhverfi fjölmiðla, þótt með ólíkum hætti sé. Breyting á einum þessara þátta

hefur áhrif á umhverfið í heild og telja flutningsmenn tillögu þessarar því þörf á heildstæðri endurskoðun þar sem tekið yrdi mið af öllum þáttum rekstrarumhverfis fjölmiðla.

Frá árinu 2018 og til loka árs 2020 fækkaði starfandi fólki í fjölmiðlum um 45%, sem jafngildir 731 manns. Þetta kemur fram í umsögn Blaðamannafélags Íslands við fjárlög fyrir árið 2022. Þar kemur jafnframt fram að stuðningur við einkarekna fjölmiðla skipti sköpum en að enn ríki ójafnvægi á markaðnum, sér í lagi milli hinna einkareknu og Ríkisútvarpsins. Því til stuðnings vísaði félagið til þess að aðhaldskrafa hafi verið gerð til einkarekinna fjölmiðla upp á 2% á sama tíma og framlög til Ríkisútvarpsins hafi verið aukin um 430 millj. kr. Félagið áréttaði að til þess að standa við áform sín um aðgerðir til að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og öflugt almannaútlit þurfi ríkisstjórnin að grípa til enn frekari aðgerða en eingöngu beinna styrkja. Má þar nefna að endurskoða veru Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, skattlagningu erlendra tæknirisa, kaup hins opinbera á auglýsingum, leiðréttingu á mismunun í birtingu áfengisauglýsinga, stofnun fjölmiðlasjóðs og hagfelldara skattaumhverfi fyrir fjölmiðla.

Að mati flutningsmanna tillögu þessarar varpa þessar tillögur ljósi á vandann sem felst í því að þingmál sem varða fjölmiðlamarkaðinn eru yfirleitt lögð fram sjálfstætt og án tillits til annarra þátta. Útkoman verður óhjákvæmilega bútasamskennt rekstrarumhverfi sem ber ekki með sér heildstæða yfirsýn yfir rekstur á fjölmiðlamarkaði og leysir ekki annars konar vanda sem fjölmiðlar standa frammi fyrir.

Stuðningsúræði fyrir einkarekna fjölmiðla, sem samþykkt voru á síðasta kjörtímabili með lögum nr. 58/2021, um breytingu á lögum um fjölmiðla, hafa einnig verið gagnrýnd, m.a. vegna þess að þau fela í sér mun meiri stuðning við stærri fjölmiðla án tillits til þess hvar stuðningsþörfin sé mest og vegna þess að þau vekja spurningar um sjálfstæði fjölmiðla gagnvart ríkisvaldinu.

Ekki fer á milli mála að einkareknir fjölmiðlar standa höllum fæti. Rekstrarlíkan áskriftarmiðla, eins og var ríkjandi fyrir tíma internetsins, virðist ekki ganga upp lengur og fjölmiðlar hafa þurft að aðlaga sig mjög á skömmum tíma. Þá hefur Ísland fallið jafnt og þétt niður lista samtakanna *Blaðamenn án landamæra* um fjölmiðlafrelsi. Þar skipa önnur norræn ríki sér í fjögur efstu sætin en Ísland hefur á undanförunum árum fallið úr áttunda sæti niður í það fimmtánda.

Annars staðar á Norðurlöndum er ekki deilt um hvort eigi að styðja við fjölmiðla heldur hvernig. Óumdeilt er að í núverandi starfsumhverfi þeirra sé einhvers konar opinber stuðningur nauðsynlegur. Hann er þó með mismunandi sniði milli ríkja. Þar má nefna að í Noregi nýtur stærsti fjölmiðillinn á hverju svæði ekki stuðnings nema hann falli í flokk smærri fjölmiðla. Í Finnlandi er stuðningur annars vegar veittur prent- og netmiðlum sem eru gefnir út á tungumálum minnihlutahópa og hins vegar á grundvelli nýsköpunar sem er ekki bundin útgáfu heldur miðast að því að koma á fót nýjum miðlum eða þróa nýja þjónustu, lausnir og framleiðsluáðferðir í fjölmiðlun. Það sem sameinar stuðningskerfi allra Norðurlandanna utan Íslands er nýsköpunarstuðningur. Hann er ekki bundinn útgáfu heldur miðar að því að koma á fót nýjum fjölmiðlum eða til að þróa nýja þjónustu, lausnir og framleiðsluáðferðir. Að mati flutningsmanna ætti að kanna kosti slíks fyrirkomulags í stað þess að miða stuðning eingöngu við öflun og miðlun efnis líkt og lagt hefur verið fram til þessa. Stuðningur við nýsköpun í fjölmiðlum er enn fremur til þess fallinn að rétta af samkeppnishallann sem fjölmiðlar sem koma nýir inn á markað standa frammi fyrir gagnvart starfandi fjölmiðlum. Því leggja flutningsmenn til að starfshópnum verði falið að gera sérstakan samanburð á rekstrarumhverfi fjölmiðla á Íslandi og í öðrum norrænum ríkjum.

Skýrir almannahagsmunir liggja í því að fjölmiðlamarkaðurinn sé heilbrigður og að jafnvægi ríki á honum milli innlendra og erlendra miðla og milli einkarekinna miðla og Ríkisútvarpsins. Því leggja flutningsmenn til að ráðherra skipi starfshóp sem verði falið að framkvæma heildrænt mat á rekstrarumhverfi fjölmiðla á Íslandi og skili tillögum sem ráðherra verði falið að innleiða.